




Eining-Íðja

F É L A G S B L A Ð



Útgefandi: Eining-Ídja
Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.eining-idja.is



Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson
Umsjón, textagerð og prófarkalestur: Fremri
kynningarþjónusta, Furuvöllum 13, Akureyri.
Sími: 461 3666 - Bréfasími: 461 3667.
Netfang: fremri@fremri.is

Auglýsingar: P. J. Auglýsinga- og markaðs-
þjónusta. Símar 566 8262 & 861 8262,
bréfasími 566 8236.
Netfang: pallj@islandia.is

Forsíðumynd: Ketilkaffi soðið á jólaönnum
í Laufási. Listakonan Hadda (Guðrún H.
Bjarnadóttir) tók myndina.
Prentvinnsla: Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða
hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Skrifstofa Einingar-Ídju á Dalvík:
Ráðhúsinu. Sími: 466 1340
Bréfasími: 466 1041
Netfang: runa@eining-idja.rl.is
Opíð kl. 10-14 mánud., þriðjud., fimmtud.
og föstudaga og kl. 10-16 á miðvikudögum.

Skrifstofa Einingar-Ídju í Ólafsfirði:
Múlavegi 1. Sími 466 2318
Bréfasími 466 2681
Netfang: gusti@eining-idja.rl.is
Opíð kl. 9-13 virka daga

Efnisyfirlit:

Mæðrastyksnefnd: Margir hafa grátið... og þá græt ég bara með	4
Desemberuppbot	6
Þú getur tekið þátt í gerð kjarasamninga	6
Orlofsferðir 2003	8
Hreyfingin ódýrari	8
Aðalfundur Starfsgreinasambands Íslands: Taktinum náð!	10
Ársfundur Alþýðusambands Íslands	11
Menntun til framtíðar	12
Ódýr gisting í Reykjavík	12
Neytendasamtökin fyrir alla	12
Verðlaunagetraun	14
Lausnir á gátum	14
Grimseyjarferð eldri félagsmanna: Það steypti stömpum	16
Nýir lögmenn félagsins: Getum fyrirbyggt vandamál	17
Trúnaðarmenn, starfsfólk og fleiri á ferð: Átveisla með óvissuivafi	18
Jólahald, Jólasiðir og jólagjafir:	
Helga St. Jónsdóttir - Ég man ekki eftir neinu sérstöku	20
Ásgeir Már Hauksson - Lesum jólaguðspjallið	23
Helgi Þórðarson - Grét þegar óskinn rættist	24
Ómar Árnason - Á brókinni út í snjóskafli	24
Helena Hilmarsdóttir - Fékk dóttur í jólagjöf	24
Egill Ragnarsson - Jólátré úr hrífuskafli?	26
Árni Óskarsson - Jólátré smíðað úr timbri	26
Heimir Sigurgeirsson - Kranabíll með öllu	28
Ágúst Sigurlaugsson - Stutt en hátíðlegt	28
Kristín Joanna Jónsdóttir - Skörinn bara einu sinni út í glugga	28
Myndagáta	30
Krossgáta	31

Ágæti lesandi

Eining-Ídja gefur út félagsblað þrisvar á ári þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi í starfsemi félagsins, rætt við félagsmenn og fleira. Félagið er öflugt og vinnur ótulllega að því að tryggja hag félagsmanna sinna. Einn liður í því er öflug upplýsinga- og útgáfustarfsemi. Við, sem gefum út þetta blað, vonum að það þjóni vel þessum tilgangi og sé mikilvægur hlekkur í víðtækri og öflugri starfsemi.

Félagsblaði Einingar-Ídju er að þessu sinni dreift inn á öll heimili á Eyjafjarðarsvæðinu. Markmiðið með þessu var að vekja athygli á félaginu og starfsemi þess meðal

íbúa svæðisins, jafnt félagsmanna sem annarra íbúa. Efni blaðsins tengist ekki síður jölunum en verkalýðsbaráttu og á það vel við á þessum árstíma. Í blaðinu eru skemmtilegar frásagnir félagsmanna af jólahaldi og jólasiðum, hin sígilda verðlaunagetraun, krossgáta, myndagáta og margt fleira.

Eining-Ídja óskar félagsmönnum sínum og Eyfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Ritnefnd

SJÓVÁLMENNAR

Strandgötu 3
600 Akureyri
Sími 460 6464

NORÐURORKA
VATN · RAFORKA · VARMÍ
undirstaða lífs, heilsu og velmegunar

www.no.is

RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI
SÍMI: 460 1300 · FAX: 460 1301 · NETFANG: nordurorka@akureyri.is

Himneskt bragð jarðnesk hollusta

Það sem gerir Húsavíkurgjurt svona
góða er að hún er **hrein**
náttúruafurð án allra aukaeftna.

Á markaðnum eru margar
bragðtegundir af Húsavíkurgjurt og
ættu því allir að finna einhverja við
sitt hæfi. Hún er eina jögúrtin á
markaðnum í 1/2 l fernum.
Fernumar hafa nú fengið nýtt útlit.

Almenningur gerir sér æ ljósari grein
fyrir mikilvægi hollrar og næringrar-
ríkrar fæðu í uppbyggingu líkamans.
Húsavíkurgjurt er góður valkostur
í heilbrigðum lífsstíl.



NÝJAR UMBÚÐIR

HÚSAVÍKUR

Jigúrt

Mæðrastyrksnefnd

Margir hafa grátið... ...og þá græt ég bara með

Flestir hafa heyrt um starfsemi Mæðrastyrksnefndar og vita að um hver jól kemur hún til hjálpar á heimilum þar sem þess gerist þörf - með fatnað, matvöru og fjármuni. Bláðið leit inn til kvennanna sem hafa hjálpað svo mörgum án þess að heimta nokkurn hlut í staðinn.

Þær eru orðnar nokkuð margar, konurnar sem unnið hafa með og fyrir mæðrastyrksnefnd en þó er líklega ekki á neina

flestir viti eitthvað um starfsemi nefndarinnar vita ef til vill færri að konurnar eru að allt árið, ekki aðeins fyrir jólin. „Við veitum stundum aðstoð við ýmislegt sem þarf. Við höfum til dæmis styrkt nokkur börn vegna kostnaðar við dvöl í sumar-búðum og svo kemur oft upp að það eru heimili sem vantar fyrir mat. Þá höfum við gefið tíu þúsund krónur en við erum ekki með mat hérna. Við höfum ekki að-

ákaflega vel tekið,“ segir Jóna Berta. „Það eru held ég allir farnir að þekkja mig því ég hef verið svo lengi í þessu. Þeir segja til dæmis hjá Útgerðarfélaginu og Samherja þegar þeir sjá mig: „Jæja, nú eru jólin að koma...“ En þetta hefur gengið mjög vel.“ Í fyrra fengu yfir 200 heimili mat hjá nefndinni þannig að það er allnokkurt magn sem þarf til að geta sinnt starfi sínu við að létta undir þar sem ekki er til fyrir jólamatnum. „Við höfum verslað við þá í Kjarnafæði og þeir hafa verið okkur ákaflega liðlegir - án þess að ég vilji lasta nokkra. Þeir hafa afgreitt okkur alveg fram á aðfangadag og við höfum ekkert þurft að borga fyrir það fyrr en einhvern tímann eftir áramót. Þetta hefur alltaf gengið upp. Alltaf.“

Þörfin eykst

Af áralöngu starfi sínu við að létta undir með fólki þekkir Jóna Berta vel þörfina fyrir hjálp. Hún segir hana hafa aukist - og alltaf er hún mest fyrir jólin. „Hún verður margfalt meiri þá. Þá sér fólk að það hefur bara ekki ráð á því að kaupa jólamatinn. Svo eru það einstaka heimili sem fá líka pening.“ Hún segir bæði einstaklinga og fjölskyldur þiggja hjálp frá nefndinni. „Það eru líka einstaklingar sem fá hjálp frá okkur. Þetta eru ekki bara einstæðar mæður, það er svo langt frá því. Þetta eru heimili þar sem fólk er á lágmarks verkamanna-launum. Þau eru ekki mjög há og þá er enginn afgangur til að gera eitthvað aukalega. Fólk bara getur ekki keypt jólagjafir handa börnunum sínum og þá hjálpum við til.“

Jóna Berta segir þörfina fyrir aðstoð frá nefndinni hafa verið mjög svipaða tvö undanfarin ár - en hún sé samt of mikil. Hún er hrædd um að þörfin verði mikil þetta árið en einhvern veginn hefur það þó verið svo í gegnum árin að hægt hefur verið að hjálpa öllum sem leitað hafa til nefndarinnar - og reyndar fleiri. „Engum hefur verið neitað,“ segir hún.

Þung skref að biðja um hjálp

Eins og gefur að skilja geta þau verið þung sporin hjá fólki þegar það þarf að leita sér



Fimm af þeim sex konum sem mynda Mæðrastyrksnefndina, talið frá vinstri: Björg Hansen, Siggerður Tryggvadóttir, Jóna Berta Jónsdóttir, Inga Ellertsdóttir og Laufey Árnadóttir. Auk þeirra er Stella Jónsdóttir í nefndinni og er hún gjaldkeri. „Við erum allar hættar að vinna sem stöndum í þessu,“ segir Jóna Berta. Hún segist alltaf hlakka til þriðjudaganna þegar fatamarkaðurinn er opinn. „Þetta gefur okkur svo mikið að standa í þessu.“

þeirra hallað þótt fullyrst sé að Jóna Berta Jónsdóttir sé orðin eins konar ásjóna nefndarinnar - enda hefur hún gegnt formennsku í Mæðrastyrksnefnd Akureyrar í um fimmtán ár. Jóna Berta er fulltrúi Einingar-Íðju í nefndinni og tók því á móti blaðamanni félagsins af stökustu kurteisi og alúð og féllst á að ræða um starf nefndarinnar. Að öðru leyti kveðst Jóna Berta ekki vera sérstaklega áfjád í að vera í kastljósi fjölmiðlanna.

„Við erum nú ekki mikið í blöðum eða fréttum af því að við viljum helst vinna okkar starf sem hljóðlegast,“ segir hún þegar hún hefur tyllt sér ásamt blaðamanni að tjaldabaki í aðstöðu nefndarinnar við Klettaborg á Akureyri. Þótt

stöðu til þess,“ segir hún. „Ég þekki flestalla hérna í bænum og veit hvar er óhætt að láta peninga. Það verður að meta það svoltið.“

Gefandi sjálfböðastarf

„Þetta hefur gengið mjög vel. Ég væri kannski ekki í þessu ennþá nema af því að ég hef gaman af þessu, þetta hefur gefið mér rosalega mikið og ég er með alveg yndislegar konur með mér. En þetta er töliverð vinna og allt sjálfböðavinna.“

Starfsemi Mæðrastyrksnefndar er ekki aðeins háð sjálfböðavinnu kvennanna sem að henni standa heldur ekki síður velvilja fólks og fyrirtækja. „Við höfum farið í fyrirtæki og beðið um aðstoð og er yfirleitt

aðstoðar. „Já, margir eiga mjög erfitt með það. Við getum bara ímyndað okkur það. Þetta eru þung spor hjá flestum. En það er samt einhvern veginn þannig að fólk er farið að þekkja mig - þetta andlit, af því að ég er alltaf í þessu. Þá hringir fólk í mig og þorir að tala við mig, sem betur fer. Ég er búin að fá mörg faðmlögin og kossana.

Margir hafa grátið þegar ég hef komið með eitthvað. Ég hef stundum farið heim til fólks sem treystir sér ekki til að koma hingað. Ég er nú sjálf viðkvæm en það er allt í lagi og þá græt ég bara með,“ segir Jóna Berta. Og það eru launin sem hún segir þær sækjast eftir sem starfa í þessu. Ánægjan af að geta orðið að liði. En hjálpa



Jóna Berta Jónsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar, virðir fyrir sér kjóla á fatamarkaði nefndarinnar. „Ég er búin að fá mörg faðmlögin og kossana. Ég hef stundum farið heim til fólks sem treystir sér ekki til að koma hingað og margir hafa grátið þegar ég hef komið með eitthvað handa þeim. Ég er nú sjálf viðkvæm en það er allt í lagi og þá græt ég bara með,“ segir hún.

þær einhverjum sem hefur ekki beðið um það? „Já, vinur minn, það gerum við. Það eru margir sem geta ekki beðið um hjálp en við fáum ábendingar og fólk sem lætur okkur vita vill helst ekki láta hafa sig fyrir því. Ég held ég megi segja að í öll þessi ár hafi ég aðeins einu sinni orðið fyrir svolitlum leiðindum. Það er nú ekki mikið á þessum langa tíma. Þetta hefur alltaf gengið vel, mjög vel.“

Skemmtilegt framtak í Hrafnagilsskóla

Segja má að nýr síður hafi verið iðkaður um tvö síðastliðin jól varðandi starf nefndarinnar því þangað hefur fólk komið með jólagjafir. „Það er mjög skemmtilegt framtak sem byrjaði í Hrafnagilsskóla. Krakkarnir komu allir með pakka með sér í skólann og komu með þetta í rútu hingað til okkar. Þetta þótti mér afskaplega vænt um,“

segir Jóna Berta. Hún segir það koma sér mjög vel að fá einhverja slíka pakka. Í þeim geti til dæmis verið vel með farin, notuð leikföng - og pakkarnir merktir eftir aldri og kyni þess sem er æskilegt að fá gjöfina. Einnig er alltaf mikil þörf fyrir fatnað. „Ég hef verið að berjast fyrir að fá falleg jólaföt. Það gengur þokkalega en ekki nógu vel. Ég hefði viljað að búðirnar gæfu svoltið því það hlýtur að vera til einhver afgangur frá útsölonum.“

Mæðrastyrksnefnd hefur opinn fatamarkað í húsnæði sem hún hefur til afnota við Klettaborg. Raunar er húsnæði hluti af því húsnæði sem Skinnaiðnaður hafði áður við Dalsbrautina en gengið er inn í þennan hluta frá Klettaborginni. Fatamarkaðurinn er opinn alla þriðjudaga kl. 13-18 og þar getur fólk komið og keypt sér föt. Þegar ekki er opið hafa þær samt nóg að gera því alltaf þarf að grísa og fara í gegnum það sem til er, laga til og þess háttar. Þær eru í samstarfi við Rauða krossinn og segir Jóna Berta að þær hafi átt gott samstarf við Hafstein hjá Akureyardeild Rauða krossins. „Hann hringir í mig þegar hann veit af fólki í vanda og þá leysi ég það en síðan styrkja þeir okkur fyrir jólin. Ég hef átt mjög gott samstarf við Hafstein.“

Mikil vinna en skemmtileg

Vinnan í kringum rekstur Mæðrastyrksnefndar hefur aukist ár frá ári að sögn Jónu Bertu. En hvað fær hana og stöllur hennar til að standa í þessu ár eftir ár án þess að þiggja laun fyrir?

„Við erum allar hættar að vinna sem stöndum í þessu. Það er svoltið erfitt að

Starfsmaður!

Gleymdist að kjósa öryggistrúnaðarmann á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa **öryggistrúnaðarmaður** og **öryggisvörður**.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa **öryggisnefnd**.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast **atvinnurekandi** eða **verkstjóri** vinnuverndarmál í samstarfi við starfsmenn og **félagslegan trúnaðarmann**.



VINNUEFTIRLIT

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is - www.ver.is

Öryggistrúnaðarmaður!

Öryggisvörður!

Trúnaðarmaður stéttarfélags!

Verkstjóri! Stjórnandi!

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil vinnuverndarstörf heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.
Leitið upplýsinga um næsta námskeið.

hætta að vinna, sérstaklega ef maður hefur unnið mikið. Ég hef til dæmis alltaf unnið mikið og ég hlakka bara til að koma hingað á þriðjudögum og hitta fólkið. Þetta gefur okkur svo mikið að standa í þessu," segir hún og viðurkennir að hjá henni komi þetta í staðinn fyrir eitthvert tómstundagaman eins og föndur eða annað slíkt. „Ég geri nú ekkert annað en þetta. Þetta er mitt áhugamál og ég veit kannski svolítið sjálf hvað það er að koma mér áfram því ég var ein með tvo drengi. En ég hafði alltaf nóga vinnu. Það hefur mikið að segja.“

Það er engan bilbug að finna á Jónu Bertu þrátt fyrir aldurinn og mikið amstur í þessu starfi. „Kannski finnst fólki ég vera búin að vera svolítið lengi í þessu. En ég segi bara að á meðan ég hef heilsu og þau hjá Einingu-Íðju vilja hafa mig í þessu þá er ég tilbúin að starfa við þetta. Mér finnst þetta skemmtilegt þótt stundum sé það erfitt.“ Hún er fulltrúi Einingar-Íðju í Mæðrastyrksnefnd ásamt Björgu Hansen en auk þeirra eru í nefndinni konur frá kvenfélögunum í bænum. „Tvær eru frá Baldursbrá, tvær frá Hlíf og tvær voru frá Framtíðinni, sem nú er ekki lengur til. „Við höldum annarri konunni frá Framtíðinni þegar félagið var lagt niður og hún er yngst af okkur. Það er Inga Ellertsdóttir og ég ætla ekki að sleppa henni,“ segir Jóna Berta ákveðin.

Margar leiðir til að hjálpa

Ekki má gleyma því að Mæðrastyrksnefndin er háð stuðningi fólks og fyrir-tækja. Eitt af því sem fólk getur gert er að koma á fatamarkað nefndarinnar og keypt sér þar föt.

„Það eru margir sem koma hingað. Við erum að selja fatnað hérna og þeir sem hafa pening borga 500 krónur fyrir einn stóran haldapoka en hinir sem ekki eiga peninga fá bara gefins.“

Öllum er að sjálfsögðu frjálst að leggja sitt af mörkum til að styðja við starf Mæðrastyrksnefndar. „Það er mjög gott að fá mat, föt og peninga,“ svarar Jóna Berta spurð um það hvernig hjálp komi starfi nefndarinnar best. „Við höfum not fyrir þetta allt. Það eru margar leiðir til að hjálpa.“

Til að auðvelda lesendum að styrkja nefndina er vakinn athygli á að nefndin er með reikning í Búnaðarbankanum í Sunnuhlíð á Akureyri, höfuðbókarnúmer er 13 og númer reikningsins er 175063. Kennitala nefndarinnar er 460577-0209. Og þá er ekki eftir neinu að bíða fyrir þá sem eiga eitthvað aflögu. Jóna Berta og allar hinar konurnar sem starfa í Mæðrastyrksnefnd eiga það skilið að við leggjum þeim lið. Þeir sem eru hjálpar þurfi eiga það líka skilið.

Desember-uppbót

Desemberuppbót skal greiða í einu lagi en upphæðin er mismunandi eftir samningum. Starfsmaður í hlutastarfi skal fá greitt miðað við starfshlutfall á áðurgreindu tímabili en mismunandi er eftir samningum hver lágmarkstími í starfi er til þess að starfsfólk eigi rétt á desemberuppbót. Starfsfólk í fullu starfi á rétt á desemberuppbót sem hér segir:

- * Samkvæmt kjarasamningum Starfsgreinasambandsins við Samtök atvinnulífsins (almennir samningar), 36.000 krónur og greiðist eigi síðar en 15. desember.
- * Samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambandsins / Einingar-Íðju við ríkið, 36.000 krónur og greiðist 1. desember.
- * Samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambandsins við launanevnd sveitarfélaga, 51.533 krónur, greiðist með launum í desember.

Upplýsingar og kjarasamninga má finna á heimasíðu félagsins, www.eining-idja.is.

Þú getur tekið þátt í gerð kjarasamninga

Í viðhorfskönnun sem Eining-Íðja lét gera fyrir félagið snemma á þessu ári var meðal annars spurt um þátttöku félagsmanna í undirbúningi að síðustu kjarasamningum. Rúmlega átta af hverjum tíu sem svöruðu sögðust ekki hafa tekið þátt og þá var spurt um ástæður. Nokkuð algengt var að félagsmenn segðust ekki hafa vitað af undirbúningnum, ekki hafa vitað af því að þeir gætu tekið þátt í undirbúningnum og fleira í þeim dúr. Þess vegna þykir rétt að kynna örlítið hvernig undirbúningur að kröfugerð og kjaraviðræðum fer fram innan félagsins.

Margir fundir til undirbúnings

Allir félagsmenn í Einingu-Íðju eiga þess kost að taka þátt í og hafa áhrif á undirbúning og kröfugerð félagsins fyrir kjarasamninga. Rétti vettvangurinn til þess er starfið innan deilda félagsins og innan svæðisráðanna þar sem haldnir eru opnir fundir til undirbúnings fyrir kjarasam-

ninga. Það er því mikilvægt að félagsmenn fylgist vel með auglýsingum frá félaginu, séu í góðu sambandi við trúnaðarmenn á sínum vinnustað og tilbúnir að mæta á fundina þegar þeir eru haldnir. Jafnframt er alltaf hægt að koma hugmyndum á framfæri við trúnaðarmenn og aðra fulltrúa frá félaginu sem heimsækja vinnustaðina.

Á opnum fundum deildanna og svæðisráðanna geta allir félagsmenn tekið þátt í umræðu og hópstarfi þar sem farið er í saumana á einstökum málum og lagðar fram hugmyndir og tillögur að því hvað beri að setja á oddinn í viðræðum við vinnuveitendur og reyna að ná fram í næstu kjarasamningum. Það er síðan verkefni samninganevndar félagsins, þar sem 50 manns eiga sæti, að ganga endanlega frá kröfugerð fyrir kjaraviðræður.

Margra mánaða ferli

Það ferli sem lýst er hér að ofan, það er undirbúningur að kröfugerð fyrir kjaras-

samninga, tekur nokkuð langan tíma og hefst mörgum mánuðum áður en samningarnir renna út. Kjarasamningar ASÍ við vinnuveitendur eru almennt lausir um áramótin 2003-2004, eftir rúm ár, en fljótlega upp úr áramótunum næstu fer vinna við undirbúning þeirra kjarasamninga af stað á fullu úti á meðal félagsmanna Einingar-Íðju, á fundum í deildum og svæðisráðum félagsins. Raunar er þessi vinna þegar hafin að einhverju leyti.

Næsta vor verður haldin kjaramálaráðstefna Starfsgreinasambandsins þar sem fram fer mikilvæg stefnumótun fyrir komandi kjarasamninga. Það er því mikilvægt að við stöndum klár á okkar málum og okkar áhersluatriðum áður en fulltrúar félagsins fara á kjaramálaráðstefnuna og full ástæða til að hvetja félagsmenn til að fylgja með þegar auglýsingar frá félaginu birtast á vinnustöðunum eða annars staðar og leggja sitt af mörkum við undirbúning kjarasamninga með þátttöku í þeim fundum sem haldnir verða.



Góður háskóli eflir íslenskt atvinnulíf

Með miða í Happraetti Háskólans eflir þú Háskóla Íslands.

Orlofsferðir 2003

Evrópa, Vestfirðir og Hveravellir

Því miður féllu tvær af þremur skipulögðum orlofsferðum félagsins niður síðastliðið sumar. Ekki fékkst næg þátttaka í utanlandsferðina og var því hætt við. Uppselt var „fjallaferðina“ sem fara átti til Hólma-víkur og Jökulfjarða en því miður gripu veðurguðirnir inn í þá ferðaáætlun og varð að aflýsa ferðinni. Farið var í dagsferð með eldri félagsmenn til Grímseyjar og er sagt frá þeirri ferð hér í blaðinu. Ekki er þó ástæða til að láta deigann síga og nú hafa orlofsferðirnar næsta sumar verið skipulagðar. Skráning í ferðirnar hefst fimmtudaginn 2. janúar á skrifstofu félagsins á Akureyri og í síma 460-3600.



Það er oft glatt á hjalla í ferðum eldri félagsmanna Einingar-Íðju eins og reyndar öllum ferðum félagsins. Þessa mynd tók Björn Snæbjörnsson af nokkrum kátum ferðafélögum í Grímseyjarferðinni síðastliðið sumar.

Spennandi Evrópuferð

Þrátt fyrir að ekki hafi fengist næg þátttaka í utanlandsferð félagsins á þessu ári hefur verið ákveðið að skipuleggja ferð til Benelux-landanna svonefndu, auk Þýskalands og Frakklands.

Ferðin er áætluð dagana 1.-13. júní og verður lagt af stað frá Akureyri kl. 17.00 þann 1. júní áleiðis til Leifstöðvar. Þaðan verður flogið kl. 01.00 eftir miðnætti til Düsseldorf með LTU flugfélaginu. Áætlaður komutími til Düsseldorf er kl. 06.00 að morgni og verður ekið þaðan til Leiwen í Móseldalnum þar sem gist verður í bændagistingu í fjórar nætur. Frá Leiwen verða farnar dagsferðir til Bernkastelkues, Trier og Luxemborgar. Farnar verða skipulagðar skoðunarferðir en jafnframt verður frjáls tími.

Frá Leiwen verður haldið til Tournai í Belgíu þar sem gist verður á hóteli í fjórar nætur, bærinn og næsta nágrenni skoðað, ásamt borginni Kortrijk og Lille í Frakklandi.

Frá Tournai verður farið til Veldhoven í Hollandi þar sem gist verður á hóteli síðustu þrjár næturnar. Næsta nágrenni verður skoðað og þar á meðal borgin Eindhoven.

Þann 13. júní verður ekið til Düsseldorf og flogið þaðan um kvöldmatarleytið til Egilsstaða. Þaðan verður ekið heim og er áætlað að koma til Akureyrar um kl. 03.00 aðfaranótt 14. júní.

Að venju verður Sveinn Sigurbjarnarson bílstjóri í ferðinni og Björn Snæbjörnsson fararstjóri en einnig verður leiðsögumaður með í ferðinni allan tímann. Hámarksfjöldi í ferðina er 54.

Verð á mann er 107.500 miðað við gengi þann 23. október 2002. Innfalið í verði er allur akstur innan lands og utan, flug Keflavík - Düsseldorf - Egilsstaðir og gisting í ellefu nætur í tveggja manna herbergi með morgunverði. Dregnir verða tíu orlofsþuntar frá punktæign þeirra sem fara í ferðina. Óafturkræft staðfestingargjald er

5.000 krónur en mögulegt er að greiða með greiðslukortum.

Óbyggðir Vestfjarða

Aftur verður reynt við Vestfirðina og er ætlunin að fara í fjögurra daga síðsumarferð um miðjan ágúst. Farið verður til Ísafjarðar, Hornvíkur, Hesteyrar og Grunnavíkur 12. til 15. ágúst, ef næg þátttaka fæst.

Ekið verður til Ísafjarðar fyrsta daginn, þriðjudag. Gist verður í svefnpokum í skólastofum á Ísafirði allar þrjár næturnar. Miðvikudaginn 13. ágúst verður siglt til Hornvíkur. Á fimmtudeginum verður siglt til Hesteyrar og Grunnavíkur og síðan ekið frá Ísafirði heim í Eyjafjörð föstudaginn 15. ágúst. Leiðsögumaður verður með í ferðinni. Ferðin kostar 19.000.- krónur á mann og er innifalinn allur akstur, siglingar, gisting og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld í boði félagsins. Að öðru leyti verður fólk að nesti sig sjálft.

Óafturkræft staðfestingargjald er 3.000 krónur.

Hveravallaferð fyrir eldri félagsmenn

Að venju skipuleggur félagið dagsferð fyrir eldri félagsmenn Einingar-Íðjufélaga, enda hafa þær ferðir notið mikilla vinsælda og ferðalangar hafa skemmt sér vel eins og lesa má í frásögn um Grímseyjarferð nú í sumar á öðrum stað í blaðinu. Ferð eldri félagsmanna verður farin laugardaginn 16. ágúst. Farið verður að Hveravöllum á Kili með viðkomu í Blönduvirkjun. Ferðin kostar 2.500 krónur á mann.

Hreyfingin ódýrari

Félagsmönnum Einingar-Íðju er hollt að hreyfa sig reglulega eins og öðru fólki. Félagið vill yta undir heilbrigði meðal félagsmanna og hefur því samið um afsláttarkjör við nokkur fyrirtæki sem bjóða aðstöðu til íþróttaiðkunar, líkamsræktar eða annars konar hreyfingar. Einingar-Íðjufélagar fá afslátt á eftirtöldum stöðum:

		Fullt verð	Félagar í Einingu-Íðju
Líkamsræktarstöðin Bjargi	Árskort	41.500	29.000
	Hálft ár	28.000	18.000
World Class	Árskort	26.500	24.000
	Hálft ár	18.000	15.900
Sundlaugin Þelamörk	Tíu tíma kort	2.000	1.500

Fyrsta starfið



Lífeyrisauki Búnaðarbankans

Það borgar sig að byrja snemma að huga að lífeyrissparnaði ef þú vilt njóta þeirra tækifæra sem í boði eru þegar starfsævi þinni lýkur. Ef þú byrjar strax að spara þegar komið er á vinnumarkaðinn gætir þú átt rúmlega 22 milljónir* í viðbótarlífeyrissparnaði þegar þú hættir að vinna. Í Lífeyrisauka Búnaðarbankans bjóðast þér þægilegar og traustar leiðir sem gera þér kleift að búa þig undir fjárhagslegt öryggi í framtíðinni og hætta eða minnka við þig í starfi við 60 ára aldur.

*m.v. að launþegi greiði 4% af 250.000 kr. mánaðarlaunum, ríki og launagreiðandi greiði 2,4% mótramlag og ávöxtun verði 6% á ári í 35 ár.

 BÚNAÐARBANKINN

Aðalfundur Starfsgreinasambands Íslands

Taktinum náð!

Mikil samstaða einkenndi aðalfund Starfsgreinasambandsins. „Núna höfum við náð taktinum,“ sagði Halldór Björnsson formaður meðal annars við upphaf fundarins.

Aðalfundur Starfsgreinasambandsins var haldinn 17. og 18. október í haust og voru að venju samþykktar ályktanir um ýmis mál á fundinum sem ekki er rými til að gera skil hér í blaðinu nema að litlu leyti. Tólf fulltrúar frá Einingu-Íðju sóttu aðalfund Starfsgreinasambandsins sem þótti heppnast ágætlega í alla staði. Góð samstaða var á fundinum og almenn ánægja með það hvernig til hefur tekist við uppbyggingu sambandsins frá stofnun þess.

Halldór Björnsson var endurkjörinn formaður Starfsgreinasambandsins á aðalfundinum. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, sóttist ekki eftir áframhaldandi setu sem varaformaður en var þess í stað kjörinn til forystu á sviði starfsmanna ríkis og sveitarfélaga innan Starfsgreinasambandsins. Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar-Íðju, var kjörin varamaður í stjórn sambandsins.

Sameinuð til sóknar

Við upphaf aðalfundarins lögðu þeir Halldór Björnsson, formaður SGS, og Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, áherslu á mikilvægi samstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar og þá viðhorfsbreytingu sem orðið hefði, meðal annars í tengslum við stofnun Starfsgreinasambandsins.

Í setningarræðu sinni sagði Halldór meðal annars: „Allt frá því að við stofnuðum Starfsgreinasambandið, með sameiningu Verkamannasambandsins, Landssambands iðnverkfólks og Þjónustusambandsins fyrir tveimur árum og viku betur, höfum við haft slagorð stofnfundarins að leiðarljósi - Sameinuð til sóknar.“ Hann sagði menn nú ekki efast lengur um tilverugrundvöll Starfsgreinasambandsins og ræddi um þá viðhorfsbreytingu sem orðið hefur innan verkalýðshreyfingarinnar. „Okkur hefur tekist að breyta því andrúmslofti sem einkenndi allt okkar starf. Ég hef stundum orðað

það þannig að við gengum ekki í takt. Núna höfum við náð taktinum.“

Mikilvægt hlutverk Starfsgreinasambandsins

Í ávarpi sínu við upphaf aðalfundarins rakti Grétar einnig í stórum dráttum atburðarásina í tengslum við baráttu Alþýðusambandsins og aðildarfélaga þess fyrir því að halda verðbólgu í skefjum þegar blikur voru á lofti og margt benti til þess að endurskoðun launaliðar kjarasamninga í febrúar á þessu ári yrði erfið. Grétar vakti meðal annars athygli á mikilvægi samstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar í þessu sambandi og þeim árangri sem náðst hefur.

„Reynslan af þessu verkefni sem kennt hefur verið við rauð strik, sýnir okkur svo ekki verður um villst hverju sterk og samstiga verkalýðshreyfing getur fengið áorkað,“ sagði Grétar meðal annars og vakti athygli á að Starfsgreinasambandið gegndi afar mikilvægu hlutverki í þessu starfi.

Aðrir sýni sömu ábyrgð

Í kjaramálaályktun aðalfundar Starfsgreinasambandsins er meðal annars lögð áhersla á að áfram skuli unnið að því að hækka lægstu launin umfram önnur, enda hafi sú aðferð gefist vel í síðustu samningum þótt enn séu lægstu launin of lág.

Í ályktuninni er lýst þeim árangri sem félög innan ASÍ hafa náð í baráttu gegn verðbólgunni og skorað á önnur samtök launafólks að sýna sömu ábyrgð og félög innan ASÍ hafa gert þannig að tryggður verði efnahagslegur stöðugleiki og aukinn kaupmáttur launafólks.

Einnig er komið inn á stöðu velferðarkerfisins. Þar segir meðal annars: „Núverandi velferðarkerfi hefur ekki virkað sem skyldi, en það ætti að vera verkefni ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins að ná sátt um það. Ársfundurinn telur nauðsynlegt að fram fari endurskoðun á almanna- og atvinnuleysistryggingakerfinu með það að markmiði að tryggja öllum lágmarksframfærslu. Vaxandi fátækt er vandamál sem stjórnvöld verða að viðurkenna og bregðast við.“

Jöfnun kjara milli BSRB og ASÍ

Meðal þess sem samþykkt var á aðalfundi Starfsgreinasambandsins er ályktun þar sem skorað er á fjármálaráðherra að standa við yfirlýsingu sína frá því í desember 2001, þar sem fram kemur fullur vilji ráðuneytisins til viðræðna um að jafna kjörin á milli félagsmanna BSRB og ASÍ. Krafist er leiðréttingar á þeim mun sem er á kjörum milli BSRB og ASÍ þegar á þessum vetri.

Fulltrúaráð Starfsgreinasambandsins ítrekaði síðan þessa kröfu í ályktun nýlega en þar átelur fulltrúaráðið harðlega þann drátt sem orðið hefur á efnudum fjármálaráðherra á þessu loforði. „Loforð fjármálaráðherra var skýrt. Réttindi starfsmanna hjá ríkinu skyldu vera þau sömu óháð félagsaðild. Fjármálaráðherra hefur ekki staðið við þetta og raunar, svo furðulegt sem það er, snúið út úr eigin yfirlýsingu. Fulltrúaráðið átelur þessi vinnubrögð harðlega og skorar á ráðherra að standa við yfirlýsingu sína, sem er að áliti fundarins ótvíræð. Efnidir hennar lýsa pólitískum trúverðugleika ráðherrans,“ segir meðal annars í ályktun fulltrúaráðsins.

Áhersla á bætt kjör í fiskvinnslunni

Í ályktun aðalfundarins um fiskvinnslu- og sjávarútvegsstefnu er lögð áhersla á mikilvægi þessara greina fyrir allt efnahagslíf í landinu. Minnt er á mikilvægi þess að sátt náist um að styrkja landvinnslu sjávarafurða. Búa þurfi fiskvinnslunni starfsumhverfi sem geri henni kleift að greiða starfsfólki góð laun. Til að ná þessum markmiðum þurfi vinnslan ekki síst vel menntað og hæft starfsfólk og því þurfi að gera átak í starfsmenntamálum fiskvinnslufólks.

Varðandi fiskveiðistjórnunarkerfi þarfnist gagnagerrar endurskoðunar meðal annars með það í huga að snúa við „...þeirri eðlilegu eignatilfærslu með tilheyrandi búseturöskun sem orðið hefur á síðustu áratugum og tryggð á ný eðlileg endurnýjun í atvinnugreininni.“

Ársfundur Alþýðusambands Íslands

Purfum þjóðarsátt um velferðarkerfi

Umræða um velferðarmálin setti mikinn svip á annan ársfund Alþýðusambands Íslands sem haldinn var í Reykjavík 1. og 2. nóvember. Eyfirðingum í miðstjórn ASÍ fjölgaði úr einum í tvo.

Yfirskrift ársfundarins var „Afl í þína þágu“ og var með því skírskotað til eflingar félagsvitundar innan verkalýðshreyfingarinnar og til mikilvægis samstöðu innan hreyfingarinnar og þess afls sem samstaðan getur framkallað.

Við setningu ársfundarins og í fram-söguræðu um skýrslu forseta lagði Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, áherslu á þátttöku og mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar í stjórn efnahagsmála í landinu og fór yfir helstu atburði og samskipti verkalýðsforystunnar við stjórnvöld og atvinnurekendur í tengslum við baráttuna gegn vaxandi verðbólgu. Þar minnti hann enn og aftur á hve mikilvægur samtakamátturinn innan verkalýðshreyfingarinnar var í þeirri baráttu og sagði:

„Við höfum sýnt hverju við getum áorkað með samtakamættinum. Árangurinn í baráttunni við verðbólguna náðist ekki af sjálfu sér. Við þurfum að hafa fyrir árangrinum og beita nokkrum þrýstingi til að fá alla þá aðila til liðs við okkur sem nauðsynlegt var að kæmu að verki. Ég hef margsinnað hamrað á því á undanföllum mánuðum að þetta hefði ekki verið mögulegt, nema af því að við komum samstillt til þessa verks. Ég er þess fullviss að þetta hefði ekki reynst okkur mögulegt fyrir nokkrum misserum. Við eigum ekki að vera feimin við að minna okkur á þetta - og rífa upp söguna, allra síst á samkomum sem þessari. Ársfundur Alþýðusambandsins - líkt og þingin áður - gegnir í aðalatriðum þrjúhlutverki. Í fyrsta lagi er hann vettvangur til að fara yfir þau mál sem eru efst á baugi í hreyfingu okkar og þjóðfélaginu hverju sinni. Í öðru lagi til að kjósa okkur forystu og í þriðja lagi - og það er ekki síst mikilægt - að efla félagsvitundina og samstöðuna.“

Rjúfum vítahringinn

Á ársfundinum var meðal annars samþykkt ítarleg ályktun um áherslur ASÍ í velferðarmálum. Grétar Þorsteinsson ræddi um velferðarmálin í lokaræðu sinni á fundinum og sagði þá: „Þjóðarumræðan um velferðarkerfið þarf að leiða til þjóðar-

sáttar. Við höfum á undanföllum misserum sýnt fram á það hvernig samtakamáttur verkalýðshreyfingarinnar getur hlaðið utan á sig og leitt til þjóðarsáttar. Sumar stóðir velferðarkerfisins eru komnar í þá stöðu að það hlýtur að vera forgangsverkefni að rjúfa vítahringinn.

Það virðast hins vegar engir aðilar í þjóðfélaginu vera til þess fallnir að hafa forystu um að skapa nauðsynlega þjóðarsátt - nema verkalýðshreyfingin. Ábyrgð okkar í þessu efni er því mikil. Við munum ekki skorast undan henni frekar en á öðrum sviðum. Við skulum því vera við því búin

að halda þessari umræðu áfram - og af enn meiri þunga en hingað til.“ Í ályktun ársfundarins eru teknar út helstu áherslur ASÍ í velferðarmálum. Má þar meðal annars nefna að taka þurfi á afkomuvanda eldri borgara og öryrkja, lagfæra þurfi atvinnuleysisbótakerfið og margt fleira. Einnig er þar fjallað ítarlega um heilbrigðismálin og húsnæðismálin.

Grétar sjálfkjörinn og Eyfirðingum fjölgaði

Grétar Þorsteinsson var sjálfkjörinn til áframhaldandi setu sem forseti ASÍ til næstu tveggja ára. Eyfirðingum fjölgaði í miðstjórn ASÍ því Björn Snæbjörnsson



Vaskur hópur fulltrúa Einarar-Íðju sótti að sjálfsgöðu bæði ársfund ASÍ og aðalfund Starfsgreinasambandsins - þó að vísu hafi það ekki veirið alveg sami hópurinn sem sótti báða fundina. Þessi mynd var tekin á ársfundi ASÍ. Á myndinni eru nokkrir af fulltrúum Einingar-Íðju á ársfundi ASÍ, talið frá vinstri: Björn Snæbjörnsson, Matthildur Sigurjónsdóttir, Elísabet Jóhannsdóttir, Anna Júlíusdóttir, Þorsteinn J. Haraldsson og Halldóra Höskuldsdóttir. Báðir fundirnir þóttu takast mjög vel og var einkennandi hve samstaða er mikil um þessar mundir innan verkalýðshreyfingarinnar.

var kjörinn til áframhaldandi setu í miðstjórninni en auk hans var Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, frá Félagi verslunar- og skrifstofufólks, kjörin í miðstjórnina. Fjöldi Eyfirðinga í miðstjórn tvöfaldaðist því á ársfundinum og megur við vel við það una.

www.flugfelag.is

Árshátíðarslaufur

Tryggjið ykkur sæti í tímal!

Starfsmannafélög, klúbbar, hópar...
Látið okkur hnýta árshátíðarslaufuna

Litríkar og eftirminnilegar árshátíðarslaufur til:

Akureyrar
Egilsstaða
Ísafjarðar
Reykjavíkur
Færeya

Frábærir gístaðir. Gerum tilboð í flug, gistingu og hátíðarkvöldverð.

...fljúgið frekar - með glæsibrag.

Hafðu samband við Bergþóru eða Kristínu í síma 570 30 35 / 570 30 38 hopad@flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
- fyrir fólk eins og þig!

Af félagsstarfinu

Menntun til framtíðar

„Svo lengi lærir sem lifir,“ segir máltækið og örugglega nokkuð mikið til í því. Annað máltæki segir að aldrei sé góð vísa of oft kveðin og því þykir enn ástæða til að vekja athygli félagsmanna á möguleikum þeirra til að fá styrki vegna námskeiða sem þeir sækja. Með því að halda vöku sinni og sækja sér menntun reglulega er með tiltölulega einföldum og oft skemmtilegum hætti hægt að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.



Þessi mynd er reyndar ekki frá starfsmenntunarnámskeiði heldur námskeiði í gerð tréplatta með sprunguáferð. Það er Guðrún Margrét Antonsdóttir sem hér leiðbeinir nemendum á námskeiðinu.

Treytir stöðu einstaklinga á vinnumarkaði

LandsMennt er sameiginlegur sjóður atvinnurekenda og verkafólks á landsbyggðinni sem stofnaður var í tengslum við kjarasamningana sem gerðir voru í apríl árið 2000.

Helstu verkefni sjóðsins eru að sinna stuðningsverkefnum og þróunar- og hvatningarverkefnum í starfsmenntun, styrkja rekstur námskeiða og nýjungar í námsefnisgerð og veita einstaklingum, verkalýðsfélögum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar. Markmiðið er að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Félagar í Einingu-Íðju eiga rétt á stuðningi til starfsnáms úr fræðslusjóðnum LandsMennt. Hver félagsmaður getur fengið allt

að 27.000 krónum í styrk en þó aldrei meira en sem nemur 60% af námskostnaði. Jafnframt geta félagsmenn sem vilja taka próf til aukinna ökuréttinda (meiraprófið) fengið styrk að upphæð 42.500 krónur. Hver einstaklingur getur einungis fengið slíkan styrk einu sinni og þá skiptir ekki máli hvort allir fjórir þættir aukinna ökuréttinda séu teknir.

Einfaldar reglur

Helstu reglur um úthlutun styrkja til einstaklinga eru að félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í að minnsta kosti tólf mánuði og greitt til aðildarfélags LandsMenntar á þeim tíma á rétt á stuðningi til starfsnáms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastarfi. Félagsgjöld að upphæð 10.400 krónur eða meira jafngilda því að félagsmaður hafi verið í fullu starfi og er miðað við almanaksárið. Að loknu námi skal skila reikningi og viðurkenningu frá viðkomandi fræðslustofnun til skrifstofu viðkomandi stéttarfélags og er styrkur greiddur

til félagsmanns að fullnægðum framantöldum skilyrðum. Rétt er að vekja athygli á því að starfsmaður sem hverfur frá vinnu vegna veikinda, heimilisástandna eða af öðrum gildum ástæðum, heldur þó rétti sínum til styrks, enda hverfi hann aftur til sinna starfa.

Nánari upplýsingar um möguleika félagsmanna Einingar-Íðju til námsstyrkja eru veittar á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14, s. 460 3600, á heimasíðu félagsins, www.eining-idja.is eða í netfanginu brynja@eining-idja.is. Einnig er upplýsingar að fá hjá LandsMennt í síma 562 6480, á heimasíðunni www.landsmennt.is eða í netfanginu landsmennt@landsmennt.is.

Einingar-Íðju félagar eru hvattir til að kynna sér rétt sinn til námsstyrkja og nýta sér þá möguleika sem í boði eru og styrkja þannig stöðu sína á vinnumarkaði.

Neytendasamtökin fyrir alla

Eining-Íðja vill vekja athygli félagsmanna á að þeim býðst þjónusta og ráðgjöf um allt sem varðar neytendamál hjá skrifstofu Neytendasamtakanna á Akureyri.

Eining-Íðja er eitt þeirra sex verkalýðsfélaga sem styrkja rekstur skrifstofunnar. Starfsmaður samtakanna á Akureyri er Brynhildur Pétursdóttir og er skrifstofan opin kl. 12.30-15.30 en veitt er símaþjónusta kl. 10.00-15.00. Símanúmer á skrifstofunni á Akureyri er 462 4118. Að sögn Brynhildar er mun algengara að fólk hringi inn á skrifstofuna en komi til að

fá aðstoð. Ef hún er ekki við á skrifstofunni til að svara í símann flyst símtalið til skrifstofu samtakanna í Reykjavík.

Þjónusta samtakanna á Akureyri er mikilvæg almenningi á svæðinu og því er vert að vekja athygli á þessum möguleika ef fólk þarf af einhverjum ástæðum á ráðgjöf að halda. Öllum er heimilt að leita til Neytendasamtakanna ef þeir telja á sér brotið eða hafa einhverjar spurningar varðandi neytendamál. Meginmarkmið með starfsemi samtakanna er að vinna að bættum hag neytenda.

Ódýr gisting í Reykjavík

Eining-Íðja hefur nýlega náð ágætum samningum við Farfuglaheimilið í Reykjavík, sem er að Sundlaugavegi 34 (nálægt tjaldsvæðinu og Sundlaugunum í Laugardalnum). Félagsmenn í Einingu-Íðju fá sértíðboð á gistingu á Farfuglaheimilinu gegn framvísun félagsskírteinis. Tilboðið gildir til 22. desember og aftur frá 3.-31. janúar á næsta ári og er sérlega hagstætt fyrir fjölskyldufólk því 2ja-5 manna fjölskylduherbergi með baði býðst félagsmönnum á 3.700 krónur fyrir nóttina. Tilboðið miðast við 1-2 fullorðna en frútt er fyrir allt að þrjú börn að 16 ára aldri. Leiga á rúmfötum bætist síðan við og er aðeins 300 krónur á mann.

Góð aðstaða á besta stað í borginni

Í Farfuglaheimilinu er góð þjónusta og afslappað andrúmsloft, ný, einföld og smekklegr herbergi með sér snyrtingu og sturtu inn af herbergjunum. Einnig er aðgangur að vel búnum eldhúsum, þvottahúsi, nettengdum tölvum, breiðvarpinu og fleiru. Í húsinu eru poolborð og borðtennisborð og fullbúin fundaraðstaða fyrir 50 manns með góðri aðstöðu fyrir hópa.

Farfuglaheimilið er á mjög góðum stað í Reykjavík, það er í Laugardalnum nálægt Sundlaugunum og annarri íþróttaaðstöðu í dalnum og með næg bílastæði. Strætisvagnaferðir eru frá Reykjavíkflugvelli inn í Laugardal með leið 5. Jafnframt er hægt að fá bílaleigubíla á mjög hagstæðu verði fyrir milligöngu Farfuglaheimilisins, auk þess sem flugrútan svokallaða ekur farþegum af Keflavíkflugvelli á Farfuglaheimilið ef þess er óskað og nær í farþega þangað fyrir flest millilandaflug.

Það er því óhætt að segja að þessi samningur félagsins við Farfuglaheimilið ætti að geta nýst félagsmönnum í margvíslegum erindum og ferðum þeirra til Reykjavíkur og jafnvel lengra. Fyrirspurnir og bókanir í gistingu er hægt að gera í síma 553 8110 eða á netfangið info@hostel.is.

gorenje



HEIMILISVINIR

Hurðin er ávallt köld viðkomu því gorenje ofnar eru gerðir til að verja börn og umhverfi. - Fyrirgefðu, og hunda.

RÖNNING
Borgartúni 24 • Reykjavík • Sími: 562 4011
Óseyri 2 • Akureyri • Sími: 460 0800

Verðlaunagetraun

Til hvaða landa verður farið í utanlandsferð félagsins næsta sumar?

- A () Hollands, Belgíu, Lúxemborgar, Þýskalands og Póllands.
 B () Hollands, Belgíu, Lúxemborgar, Frakklands og Þýskalands.
 C () Hollands, Belgíu, Lúxemborgar, Frakklands og Ítalíu

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____

Sími: _____

Krossaðu við rétt svar, merktu seðilinn með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Klipptu hann út og sendu til okkar á skrifstofuna í Skipa-

götunni á Akureyri. Ef þú vilt ekki klippa úr blaðinu máttu senda svar inn á lausu blaði. Skilafrestur er til kl. 17:00, 22. desem-

ber. Dregið verður úr réttum lausnum 23. desember og vinningshafar látnir vita strax.

Utanáskriftin er :

**Eining-Iðja
– Getraun
Skipagötu 14
600 Akureyri**

*Glæsileg verðlaun
eru í boði:*

1. vinningur: Vikudvöl í orlofshúsi í eigu Einingar-Iðju að eigin vali sumarið 2003.
2. vinningur: Vöruúttekt í Nettó að upphæð 10.000,- krónur.
3. vinningur: Vöruúttekt í Nettó að upphæð 5.000,- krónur.

Vetrarparadís



Bústaðir félagsins á Illugastöðum eru allir vel búnir og nýlega endurnýjaðir.

Vakin er athygli á að bústaðir félagsins á Illugastöðum eru leigðir út yfir vetrartímenn. Upplagt er fyrir þá sem vilja komast burt úr skarkalanum að leigja sér bústað á Illugastöðum í viku eða bara yfir helgi, njóta kyrrðarinnar og upplifa rómantikina sem vetrarparadísin á Illugastöðum og nágrenni býður upp á. Á Illuga-

stöðum eru þrettán bústaðir í eigu félagsins, allir vel búnir og nýlega endurnýjaðir. Upplýsingar og pantanir eru í síma 462 6199.

Einnig er hægt að leigja bústaði félagsins í Tjarnargerði og Svignaskarði á veturna, upplýsingar og pantanir í síma 460 3600.

Launahækkunir um áramót

Laun félagsmanna í Einingu-Iðju eiga að hækka um áramótin samkvæmt gildandi kjarasamningum en hækkunir eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða kjarasamning við ríkið, sveitarfélög eða við Samtök atvinnulífsins á almennum vinnuarkaði.

Laun samkvæmt almennum samningum við Samtök atvinnulífsins eiga að hækka að lágmarki um 3,15% en lægstu launin hækka þó meira. Viðmiðunarmörkin þar eru að laun fyrir dagvinnu sem eru undir 100.500 krónum hækka meira og þau allra lægstu hækka um allt að 6%. Kaupauki og álag hækka um 3,15% samkvæmt almennum samningunum.

Launahækkun til ríkisstarfsmanna í Einingu-Iðju nú um áramótin verður 3,40% en lægstu taxtar hækka meira en sem nemur þeirri hækkun.

Hjá þeim sem vinna eftir kjarasamningum félagsins við launanevnd sveitarfélaga hækka launin um 3% og á það við um alla.

Nánari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofum félagsins og á heimasíðu félagsins. Einnig verða kauptaxtar sendir út fyrstu daganna í janúar.



Lausnir á gátum

er greiða skalla / g / lega / visa / s / kuldi / na!
 / er moka ð / í gjafrir / og / s enn / nál / gas / t / st undin
 kviður / inn / stækkar (vex), / fé /
 g ríða r / lega / tekur á / að halda jól /

er greiða skal laglega vísa skuldina!
 er mokað í gjafrir og senn nálgast stundin
 Kviðurrinn stækkar (vex), fé
 Gríðarlega tekur á að halda jól.
Lausn myndagátunnar á bls. 30 er:

Lausn krossgátunnar á bls. 31 er:
 Æ sér gjöf til gjalda.

Námskeið Iðntæknistofnunar opna þér möguleika

Vinnuvélar
réttindanámskeið fyrir vinnuvélstjóra

Rannsóknarmenn
námskeið fyrir aðstoðarmenn á rannsóknastofum

Verkstjórar
námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjóra

Kynning og framsögn
árangursríkt fyrir alla sem þurfa að koma fram

Samningataekni
fyrir alla sem þurfa að standa fyrir máli sínu

Stofnun og rekstur smáfrirtækja
fyrir þá sem hafa viðskiptahugmynd

Upplýsingar í sínum 570 7100 og 570 7289
um þetta og margt fleira

Iðntæknistofnun

Keldnaholti, 112 Reykjavík
sími 570 7100, póstoffax 570 7111



Sími 581 3300 • Allan sólarhringinn
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÉR UM OG ÚTVEGAR:

- Útfararstjóri tekur að sér umsjón útfarar í samráði við prest og aðstandendur.
- Flytja hinn látna af dánarstað í líkhús.
- Koma á sambandi við þann prest sem aðstandendur óska eftir.
- Aðstoða við val á kistu og líkklaðum.
- Búa um lík hins látna í kistu og snyrta ef með þarf.
- Fara með tilkynningu í fjölmiðla.
- Stað og stund fyrir kistulagningu og útför.
- Legstað í kirkjugarði.
- Organista, sönghópa, einsöngvara, einleikara og /eða annað listafólk.
- Kistuskreytingu og fana.
- Blóm og kransa.
- Sálmaskrá og aðstoðar við val á sálum.
- Dánarvottorð og líkbrennsluheimild.
- Duftker ef líkbrennsla á sér stað.
- Sal fyrir erfidrykkju og gestabók ef óskað er.
- Kross og skilti á leiði.
- Legstein.
- Flutning á kistu út á land eða utan af landi.
- Flutning á kistu til landsins og frá landinu.

Útfararstofa Íslands • Suðurlíð 35 • Fossvogi
www.utfarin.is

Grímseyjarferð

Það steypti stömpum

Að venju stóð félagið fyrir ferð eldri félagsmenn síðastliðið sumar. Farið var í dagsferð til Grímseyjar. Siglt var frá Dalvík. Rannveig Ragnarsdóttir var ein þeirra sem skellti sér í Grímseyjarferðina

- og nýtti hana sem sárabót fyrir það að Vestfjarðaferðinni var aflýst vegna veðurs. Bláamaður settist yfir kaffibolla og kræsingar heima hjá Rannveigu og fékk hjá henni snöggsöðna ferðasögu.

Sjóveiki á leiðinni út var það sem Rannveig nefndi fyrst þegar hún hóf að rifja upp Grímseyjarferðina. „Bjössu var nú svo forsjáll að hann hafði með sér sjóveikitöflur sem hann dreifði á mannskapinn á leiðinni til Dalvíkur, handa þeim sem ekki voru búnir að taka. En það dugði bara ekki og það urðu margir sjóveikir á leiðinni út. Það leit kannski ekki út fyrir að vera slæmt í sjóinn en það steypti stömpum á leiðinni. Það var einn þaulvanur sjóari frá Ólafsfirði með í för, Ásbjörn, og minnr að hann segði að það væri tvísjó. Ég veit ekki alveg hvað það er en held að það sé þegar það skellur bæði framan á bátnum og til hliðanna. Það urðu ansi margir sjóveikir,“ segir Rannveig.

Allir í strætó

Þegar komið var til Grímseyjar beið ferðalanganna „strætisvagn“ þeirra Grímseyinga - hefvagninn frægi sem flutt hefur forseta og fleiri góða gesti Grímseyjar.



Strætisvagn þeirra Grímseyinga kom í góðar þarfir - og ökuáðurinn ekki stödur. „Hann var ansi skemmtilegur sá sem var með hefvagninn,“ segir Rannveig Ragnarsdóttir. Myndina tók Sigrún Lárusdóttir.

„Hann tók þá sem þyngstir voru á fæti en hinir gengu upp að félagsheimilinu og þar beið okkar veisla hjá kvenfélagskonunum,“ segir Rannveig en rifjar upp að ef til vill hafi ekki verið mjög gáfulegt að senda



Ekki vitum við hvort þessir þrjú herra menn þurftu á sjóveikitöflum að halda - en svo er að sjá að þeir láti það ekki á sig fá þótt „steypt hafi á stömpum“. Myndina tók Björn Snæbjörnsson.

fólkið sjóveikt beint úr bátnum í heljarinnar veislu í félagsheimilinu. En þó náði fólk sér furðu fljótt.

„Eftir það skoðuðum við eyna. Strætó kom eftir matinn og tók hópinn í tvennu lagi. Fyrst fór fyrri hópurinn að kirkjunni og skoðaði hana meðan strætóinn sótti seinni hópinn. Síðan þegar hann kom með seinni hópinn út að vitanum. Hann var ansi skemmtilegur sá sem var með hefvagninn. Það var vont þarna úti við vita, holur og drullupollar sem hann keyrði í og þegar hann fór í einn drullupollinn þá kallaði hann: „Farþegar, vinsamlegast spennid

beltin.“ Það var svona fjör í kalli og spaug á vörum þegar hann var að keyra okkur.“

Falleg kvöldsigling

Rannveig er á því að Grímseyjarferðin hafi verið hin ágætasta. Hópurinn endaði á því að fara í Bása, yfir „bauginn“ og að sjálfsögðu fengu þeir skjal upp á það sem þangað fóru. „Reyndar fór ég ekki þangað því ég á skjal sem ég lét duga, síðan ég fór einu sinni fljúgandi út til Grímseyjar. Ég hef aldrei farið sjóleiðina fyrr og þetta var virkilega gaman.“

Rannveig vill sérstaklega nefna þau Pálma og Möggu Björnsbörn sem héldu uppi fjörinu í bátnum á leiðinni heim, spiluðu og sungu. „Þau spiluðu reyndar líka á leiðinni út en þá var ekki eins mikil stemmning vegna þess hve margir voru sjóveikir.

Það var miklu betri stemmning í bátnum á leiðinni heim. Þá var miklu betra veður og báturinn leið þægilega inn Eyjafjörðinn í kvöldsólinni. Það var svo hjart og fallegt, þannig að það var alveg meiriháttar,“ segir Rannveig að lokum um Grímseyjarferðina og siglinguna aftur heim um leið og hún lýsir því yfir að það eru „alveg dúndurferðir alltaf hjá Einingu-Iðju. Þetta verður svo samhentur hópur. Það er mjög mikil sama fólkið sem fer þannig að þetta verða eins og fjölskylduferðir. Ég er búin að fara í margar ferðir, bæði innanlands og utan.“ Bláðið færir Rannveigu bestu þakkir fyrir.



Systkinin Pálmi og Magga Björnsbörn héldu uppi stemmningu með gítarspili og söng á siglingunni út í Grímsey og heim aftur. Myndina tók Rannveig Ragnarsdóttir.

Nýir lögmenn félagsins

Getum fyrirbyggt vandamál - ekki bara leyst þau

Eining-Iðja samdi á vordögum við Helga Teit Helgason, Friðrik Hermannsson og Jónas Haraldsson um lögfræðihjónustu við félagið og félagsmenn eftir að fyrri lögmaður félagsins, Inga Þóll Þórgnýsdóttir, hætti rekstri eigin lögmennsstofu og hóf að starfa hjá Akureyrarbæ.

Félagi eins og Einingu-Iðju er nauðsynlegt að hafa lögmenn sér til aðstoðar enda er félagið stórt og í starfi þess koma upp margvísleg mál sem þarfnast lögfræðilegar nálgunar. Þetta á bæði við um innra starf félagsins sem stéttarfélags og ytra starfið í þágu félagsmanna. Til að fræðast nánar um það hvað felst í samstarfi félagsins og áður nefndra lögmanna hafði blaðið samband við Helga Teit Helgason hjá Lögheimtunni á Akureyri. „Það má kannski segja að við teljum hlutverk okkar fyrst og fremst það að vera starfsmönnum Einingar-Iðju til halds og trausts svo félagið geti veitt félagsmönnum sínum sem besta hjónustu. Það er mikilvægasti þátturinn í því að vera lögmaður Einingar Iðju,“ segir Helgi Teitur um starf þeirra fyrir félagið.

Fyrir félagið og ekki síður félagsmenn

„Eining-Iðja er að kaupa af okkur lögfræðihjónustu fyrir félagið og ekki síður fyrir félagsmenn sína. Þetta gerir félagið auðvitað til að geta sinnt því hlutverki sem því er ætlað en stundum þróast mál þannig að okkar hjónustu er þörf.“

Helgi Teitur telur að Eining-Iðja hafi ekki síst haft í huga hvaða möguleika hann og félagar hans voru að bjóða þegar ákveðið var að hefja samstarf við þá. „Ég vona svo sannarlega að félagið hafi valið hjónustu okkar, í þeirri samsetningu sem við buðum hana, með það að leiðarljósi að tryggja sér góða lögfræðihjónustu fyrir sig og félagsmenn sína. Okkar hlutverk er að veita þá hjónustu,“ segir Helgi Teitur.

Fjölbreytt verkefni

„Við tókum við þessu verkefni í vor og ef til vill á eftir að koma í ljós hve umfangsmikið starfið fyrir Einingu-Iðju er en ég get fullyrt nú þegar að verkefnið eru afar fjölbreytileg, bæði hvað varðar viðfangs-efni og umfang. Sum leysast með einu



Helgi Teitur Helgason, lögmaður Einingar-Iðju.

símtali en önnur þarfnast yfirlegu og umfangsmikillar skoðunar,“ segir Helgi Teitur spurður um umfang starfsins fyrir félagið.

Hvers kyns ráðgjöf til félagsmanna er það sem oftast kemur inn á borð til Helga og féлага hans í starfi þeirra fyrir félagið. Það sem einkennir þau mál sem til þeirra koma er að þegar þau koma til kasta lögmanna þá eru þau orðin að vandamálum sem starfsmönnum félagsins hefur ekki tekist að leiða til lykta að sögn Helga, enda þótt flest mál séu leyst áður en kalla þarf lögfræðinga til aðstoðar. „Ég held að launþegar séu sífellt að verða meðvitaðri um rétt sinn og það er oft sem félagsmenn Einingar-Iðju leita upplýsinga þar að lútandi hjá okkur. Við önnumst einnig lögfræðilega innheimtu fyrir félagið á félags- og sjóðsgjöldum sem vinnuveitendur hafa ekki staðið skil á fyrir starfsmenn sína og innheimtu fyrir félagsmenn á vangöldnum launum. Við gætum einnig hagsmuna félagsmanna við gjaldþrot vinnuveitenda. Aðstoð við bótakröfur vegna vinnuslysa koma einnig oft á okkar borð.“

Helgi segir starfsfólk Einingar-Iðju einnig vera duglegt við að leita til þeirra þegar gott er að fá lögfræðilega sýn á ákveðin mál. „Það tel ég vera jákvætt, enda er það mín skoðun að skynsamlegt sé að nota lögfræðinga í að fyrirbyggja vandamál - ekki bara til að leysa þau.“

Félagar í Einingu-Iðju sem þurfa á aðstoð að halda við að leysa mál er varða vinnu þeirra, réttindi eða annað slíkt leita fyrst til félagsins sjálfs, enda eru mörg mál leyst af starfsmönnum þess án þess að þurfi að koma til aðstoðar lögfræðinga. „Reglan er sú að félagsmenn fá hjónustu okkar í gegnum félagið. Mörg mál sem koma til Einingar-Iðju frá félagsmönnum eru leyst af starfsmönnum félagsins á farsælan hátt án okkar aðkomu. Fordæmin eru oft til staðar og þau þekkja starfsmenn félagsins vel,“ segir Helgi Teitur.

Vinum vel saman fyrir félagið

Helgi Teitur starfar ekki einn fyrir félagið eins og fram kom hér að framan. Í samstarfi með honum eru þeir Friðrik Hermannsson og Jónas Haraldsson. Þremmingarnir gripu einfaldlega tækifærið þegar Einingu-Iðju vantaði lögmenn síðastliðið vor og buðu félaginu hjónustu sína. „Okkur til ánægju fundum við góðan hljómgrunn fyrir það sem við buðum og úr varð að samstarf okkar og Einingar Iðju hófst,“ segir Helgi Teitur.

„Skipulagið hjá okkur er einfalt - við erum allir sem einn til staðar fyrir félagið og félagsmenn þess ef og þegar á þarf að halda. Við leitum álls hver annars á því sem upp kemur og leitum allir að lausnum flóknari vandamála. Þetta hefur gefist okkur vel og það má með sanni segja að betur sjá augu en auga. Samstarf okkar hefur gengið vel og okkur hefur reynst auðvelt að finna takt hvers annars,“ segir Helgi þegar hann er spurður um samstarf þeirra félaga.

Trúnaðarmenn, starfsmenn, stjórnarmenn og nefndamenn á ferð

Átveisla með óvissuívafi

Í byrjun október bauð félagið starfsfólki, trúnaðarmönnum og öðrum þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið í óvissuferð - rétt svona til að hrista saman hópinn, eins og formaðurinn orðaði það við undirbúning ferðarinnar.

Dágóður hópur, líklega hátt í sjötíu manns, safnaðist saman á bílastæðunum við Skipagötuna rétt um hádegisbilið laugardaginn 5. október. Tvær rútur óku af stað með mannskapinn - út í óvissuna. En samt vildu einhverjir fá að vita hvert ferðinni væri heitið - og eyða þannig óvissunni strax í upphafi. Ekkert var þó gefið upp.

Óvissa í átveislunni?

Fyrsti viðkomustaður í ferðinni var Svalbarðseyri. Þar tóku Eiður Gunnlaugsson og félagar í Kjarnafæði á móti hópnum



Hvar sem komið var biðu hlaðin borð af krásum. Hér er það ÚA-fiskurinn og Eyjabita frá Darra sem freista.

með dýrindis veitingum - sem að mestu voru sýnishorn af framleiðslu fyrirtækisins. Eiður fræddi gestina um starfsemi Kjarnafæðis og sýndi aðstöðuna. Einhverjir gestanna - líklega allir af sama kyni - tístu yfir pungum í stóru kari. Einhver kleip í til fróðleiks.

Enginn fór svangur frá Eiði í Kjarnafæði þótt einhver hafi í gamni komið með at-

hugasemd við Björn formann um að vonandi væri óvissan í ferðinni ekki fólgin í því að borða það sem Eiður bauð upp á.

Ég ætla heim...

Ekki er vitað hvort það kom einhverjum á óvart en næsti viðkomustaður var Grenivík - heimahér- að Björns formanns. Þar höfðu fiskvinnslufyrirtækin ÚA og Darri sameinast um að taka á móti hópnum með kræsingum í matsal frystihússins á staðnum.

Eftir að ferðalangar höfðu fræðst um starfsemi ÚA og Darra á Grenivík steig Heimir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Darra, á stökk og fór eiginlega með fyrsta hluta ævisögu Björns formanns á fáeinum mínútum. Fylgdi meðal annars fjálgleg lýsing á knattspyrnuhæfileikum formannsins og einhverju fleiru í svipuðum dúr.

Eftir saðsama dvöl í matsal ÚA, Eyjabita,



Þótt ferðin væri farin með óvissu var Árni Óskars-son í engri óvissu um gæði hákarlsins sem boðið var upp á í matsal ÚA á Grenivík.



ÚA-fiskurinn svikur ekki. Anna Sigríður Antonsdóttir bragðar á ÚA-bita.



Harmoníkuspil er ómissandi í óvissuferðum en einhver öfund myndaðist þó á milli „hópa“ því aðeins var ein nikka og einn Ingimar Harðarson en tvær rútur.



Einhverjir úr hópnum - líklega allir af sama kyni - litu á punga sem lágu í kari. Sumir kreistu af forvitni. Af tillitsemi við aðstandendur er myndin ekki birt öll.

ÚA fisk og ýmislegt góðgæti annað, harmoníkuspil við höfnina og glymjandi söng leit hópurnir í heimsókn á Grenilund, sambyli aldraðra á Grenivík. „Það flottasta á landinu,“ sagði einhver, gott ef það var ekki formaðurinn sjálfur sem notaði tækifærið og heilsaði upp á föður sinn á Grenilundi.

Áfram etið á Illugastöðum

Frá Grenivík var ekið rakleiðis fram í Fnjóskadal, að Illugastöðum þar sem slegið var upp grillveislu og kvöldið svo endað með dunandi dansi í þjónustumiðstöðinni.



Hann var hætt kominn ullarsokkurinn um tíma en formanninum tókst að bjarga honum með „munn við munn“ aðferðinni.

Nýr dagur var að hefja göngu sína þegar komið var aftur til Akureyrar. Þar hélt óvissuferðin áfram hjá sumum sem skelltu sér í skoðunarferð um miðbæjarsvæðið og fyrirtækin þar sem enn voru opin. Enn var þó langt eftir fyrir suma ferða-

langana því rútan hélt áfram ferð sinni út með Eyjafirði, út í Ólafsfjörð. Allir komust aftur heim að lokum, óvissunni var að mestu eytt og ánægjulegur dagur með félögnum að baki.

FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráfnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál og mannleg samskipti.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



Starfsfræðslunefnd
Fiskvinnslunnar

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 560 9670 Fax 562 1853 netfang hulda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.

Menntasmiðjan Á Akureyri

Menntasmiðja unga fólksins:

1. Vorönn hefst miðjan janúar 2003
 - Alþjóðastofa:
1. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga
2. Ráðgjöf og þjónusta.
 - Endur- og símenntunarnámskeið

*

Nánari upplýsingar í Menntasmiðjunni,

Glerárgötu 28, 3.hæð

sími: 462-7255



Hafnarstræti 92
Sími 462 1818



Jólahald, jólasíðir, jólagjafir



„Helsta breytingin fyrir jólin var að það var bakað,“ segir Helga Steinunn Jónsdóttir í Syðsta-Bæ í Hrísey um jól bernsku sinnar. „Það var reynt að hafa svolitla fjölbreytni í bakstrinum og það var eiginlega það eina sem var einhver breyting í, það var að fá svona fjölbreytt af sætu brauði.“

Ég man ekki eftir neinu sérstöku...

Heimasmíðað jólatré, sælgætiskörfur, eitt epli, gemlingur heimtur úr helju, fótbolti í túninu og fleira skemmtilegt rifjar Helga St. Jónsdóttir upp frá jólum við Eyjafjörð fyrir sjöttu árum.

Áreiðanlegir heimildamenn hvísluðu því að blaðamanni að í Hrísey byggju skemmtilegar mæðgur sem áreiðanlega kynnu frá ýmsu að segja í tengslum við jólahald fyrir á tíð. Eitt síðdegi í nóvember lagði því blaðamaður land undir fót og meira til - sigldi til Hríseyjar til að hitta þær mæðgur Helgu Steinunni Jónsdóttur og Elísabetu Jóhannsdóttur. Elísabetu þekkja líklega flestir sem Dúddu en hún hefur um árabíl starfað fyrir verkalýðshreyfinguna og er nú formaður svæðisráðs Einingar-Íðju í Hrísey.

Í símtölum fyrir heimsóknina og eftir að

komið var til Hríseyjar kepptust þær við að koma blaðamanni í skilning um að þær hefðu ekki frá neinu að segja. Þó varð það að ráði að Helga settist við eldhúsbordið ásamt blaðamanni og bauð upp á kaffi og krásir. Segulbandið var sett af stað - svona rétt til að athuga hvað kæmi á bandið í spjalli yfir kaffibolla. „Ég man ekki eftir neinu sérstöku,“ fullyrðir Helga en þó líður ekki á löngu uns hún gleymir því hvað hún man lítið og er farin að segja frá jólum bernsku sinnar.

Eina eplið á árinu

Helga er fædd í Ytra-Kálfsskinni 1921. Þar ólst hún upp, bjó síðan á Árskógs-sandi í nokkur ár en fluttist til Hríseyjar 1965. Eftir stuttar umræður um jól nútímans og allt sem þeim fylgir, bæði þarft

og óþarft, rifjar hún upp hvað það var helst sem gladdi börn á jólum fyrir og um 1930.

„Helsta breytingin fyrir jólin var að það var bakað,“ segir Helga. „Það var reynt að hafa svolitla fjölbreytni í bakstrinum og það var eiginlega það eina sem var einhver breyting í, það var að fá svona fjölbreytt af sætu brauði. Ég get nú varla sagt að við höfum fengið ávexti. Maður fékk eitt epli og það var eina eplið sem maður fékk á árinu. Ekki datt mér í hug annað þá en að ég gæti endalaust borðað af eplum - en það er ekki svoliðis núna. Ekki þegar maður hefur nóg af þessu. Ég fann meiri mun á því áður - og það var alveg sama hvort það var vont eða gott.“

lífs
val



Veldu trausta framtíð

Lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er hagkvæm sparnaðarleið til að tryggja tekjur eftirlaunaáranna. Þú getur valið á milli þriggja leiða Lífsvals eftir því sem þér hentar best.

Sýndu fyrirhyggju og mættu starfslökum brosandí.


Horfðu fram á við og njóttu stuðnings Sparisjóðsins til að ná settu markmiði.

Taktu ákvörðun núna - það er auðvelt að byrja.

Komdu í heimsókn í næsta Sparisjóð eða kíktu á www.spar.is.



Eining-Íðja óskar félagsmönnum sínum og öðrum Eyfirðingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Félagið þakkar ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



NETTÓ
Kemur á óvart!

NÓI SÍRÍUS
www.noi.is



asi.is

mjöll



Samiðn



www.sib.is



Verkalýðsfélag Akraness



sr@mar.is

Jólahald, jólasíðir, jólagjafir

Sælgætiskörfur á heimasmíðuðu jólatré

Jólatré fjölskyldunnar var heimasmíðuð, sívalningur sem á voru festar spýtur og hafðar fyrir greinar og kerti brædd föst á endana. Helga segir að einnig hafi verið búnar til einhvers konar körfur - oftast úr pappír - sem hengdar voru á þessar „greinar“ á jólatrénu. Í körfurnar var síðan sett sælgæti, „...en það var aldrei mikið,“ bætir Helga við. „Þetta var eina sælgætið sem maður fékk, hver fékk eina körfu sem var látin hanga á trénu. Fyrst var gengið í kringum jólatréð og sungið á aðfangadagskvöld og þegar það var búð var þessum körfum úthlutað. Tréð var skreytt með einhverju smávegis, kúlum, flöggum og svo man ég eftir festi sem var vafin utan um tréð. Þetta þótti manni afskaplega mikil tilbreyting,“ segir Helga og ekki er laust við að minningin hafi einhver þægileg áhrif á hana að því er virðist. Hún segir sælgætið ekki hafa verið heimatilbúið, heldur hafi verið keypt súkkulaði og brjóstsykur.

Niðursoðin steik

Áður en að því kom að ganga í kringum jólatréð, syngja og gæða sér á sælgætinu var að sjálfsögðu jólamaturinn á boðstólum. Helga segir að steik hafi verið í matinn - en líklega var lögð önnur merking í það orð í eldhúsi í torfbæ um 1930 en við gerum í dag.



„Það var nú ekki mikið um jólagjafir og meðan ég var smákrakki man ég aldrei eftir því að það hafi verið gefnar jólagjafir.“

„Já, það var steik í matinn en það var nú öðruvísi steik en í dag. Ég man eftir því að kjötið var soðið niður í krukku að hausti og geymt fram að jólum. Það var jólasteikin. Hangikjötið var aftur borðað á jóladag - eins og er svo víða enn þann dag í dag,“ segir Helga. Og alltaf var bakað mikið af laufabrauði á hennar heimili. „Já, og mikið ósköp var það alltaf gaman þegar var farið í laufabrauðið. Það þurfti að hnoða deigið og mikið af því. Það er ekki gert eins mikið í dag og var gert í þá daga. Þá vildu þeir sem skáru leggja heilmikið í þetta og hafa mikla fjölbreytni. Ég veit ekki hvort þeir sem steiktu voru eins ákafir í það.“

Svæfill sem gladdi

En hvað um jólagjafir eins og við þekkjum þær í dag? Ætli Helga hafi kynnst slíku sem barn? „Það var nú ekki mikið um jólagjafir og meðan ég var smákrakki man ég aldrei eftir því að það hafi verið gefnar jólagjafir. Það var ekki fyrir en maður fór að stálpast aðeins og þá

líklega einhvern tímann eftir 1930 sem ég man fyrst eftir jólagjöfum.“ Helga segir að algengt hafi verið að gefa ýmiss konar fatnað. Og gjafirnar glöddu sannarlega þótt hvorki væru þær dýrar né fallega pakkað í skrautlegan gjafapappír.

„Ég man til dæmis eftir því einu sinni að ég fékk svæfil og það var náttúrulega utan um hann. Mér fannst þetta alveg dásamlegt. Mig var búð að langa svo til þess að eignast svæfil og þarna fékk ég hann. En hann var ekki innpakkaður í jólapappír eins og er núna. Einu sinni man ég líka eftir því að hafa fengið náttföt og sjálfsagt hefur það oft verið eitthvað þannig sem gefið var, einhver fatnaður. Það var mikil fátækt á þessum árum, alveg fram að stríði.“ Eftir nokkrar frásagnir af jólasíðum og -gjöfum segist Helga þó líklega oft hafa „misst“ af jólunum, eða að minnsta kosti aðfangadagskvöldinu. „Ég var ákaflega kvöldsvæf og ég held að ég hljóti bara oft að hafa sofið af mér aðfangadagskvöldið.“

Bara gamlar sagnir

Ekki minnst Helga þess að hafa séð jólasvein sem barn. „Jólasveinarnir voru ekki til þarna nema bara að það var talað um þá. Þá var ekkert um þessa hvítskeggjuðu



„Pabbi fann gemling sem hann átti og var búð að vanta dálítið lengi. Hann fann hann fastan á girðingu, lifandi. Þetta fannst mér afskaplega yndislegt og það gladdi mig að hann skyldi finna gemlinginn.“

Jólahald, jólasíðir, jólagjafir

Lesum jólaguðspjallið

Ásgeir Már Hauksson á Þríhyrningi í Hörgárdal er fús til að rifja upp jólasíði - gamla og nýja - þegar eftir því er falast. Hann byrjar á að benda blaðamanni á þá sérstöðu sem jólahald á kúabúi hefur - því ekki má sleppa mjöltunum þótt það séu jól. „Það er alltaf borðað frekar seint á aðfangadag, yfirleitt ekki fyrir en um átta eða hálfnú. Ég man eftir því þegar

farin, þannig að það stendur til að láta binda hana upp.“

Bókin heitir „Jólasögur frá ýmsum löndum“, Eiríkur Sigurðsson tók hana saman en Bókaútgáfan Fróði gaf hana út 1961. Elstu systkini Ásgeirs Má s fengu hana í jólagjöf 1965.

„Það var hægt að dunda við þetta í marga klukkutíma,“ segir hann um sögunar í

bókinni og minnst þess að ein sérstök saga hafi verið í upphaldi hjá sér, sagan „Jólagjöfin hans Jóa litla“. Jói fór út í búð til að kaupa jólagjafir en freistingin varð of mikil þegar þangað var komið og hann keypti sér sælgæti fyrir peninginn. „Bókin var dregin fram á aðfangadag þegar maður var sem spennastur, til þess að róa mann aðeins niður. Mér fannst að klukkan sex ætti allt að fara af stað en það gerðist auðvitað ekki, því hluti af fólkinu var í fjósinu,“ segir Ásgeir Már. En þá komu þess-



Ásgeir Már Hauksson, starfsmaður Norðlenska á Akureyri, gluggar í „bláu bókina“ með jólasögnum - sem týndist ofan í kassa í mörg ár en fær ef til vill aftur sinn sess í jólahaldinu að Þríhyrningi í Hörgárdal.

við fluttum í þetta hús þegar ég var fimm eða sex ára en áður bjuggu fjölskyldurnar saman í gamla húsinu. Fljótlega eftir að við fluttum hingað inn tók ég upp þann sið að klukkan sex á aðfangadag labbaði ég alltaf fram að dyrum, opnaði og bauð jólunum, Jesú eða hverju sem það var, inn. Þetta er svona það fyrsta sem ég man eftir sem maður gerir um jól-in,“ segir Ásgeir Már en telur sig þó ekki hafa fundið upp þennan sið.

Sögur til að stytta stundirnar

Annar siður sem honum er minnisstæður frá jólum bernsku sinnar er lestur úr bók sem eldri systkini hans höfðu fengið að gjöf. „Hún var alltaf kölluð „Jólabókin“ eða „Bláa bókin“. Það var alltaf lesið úr þessari bók á aðfangadag um hver einustu jól. Eldri systkinin lásu fyrir þau yngri,“ segir Ásgeir Már. Líklega hefur bókin síðan lent ofan í kassa þegar börnin uxu úr grasi og leynst þar í mörg ár. „Við fundum þessa bók aftur í fyrra. Hún er frekar illa

ar jólasögur í góðar þarfir til að dreifa athygli barnanna meðan beðið var eftir matnum.

Gleymum ekki tilganginum

En annars konar lestur er Ásgeiri Má einnig hugleikinn. „Núna síðustu árin höfum við lesið jólaguðspjallið. Fyrst borðum við og setjumst svo inn í stofu og einhver les jólaguðspjallið,“ segir hann og rifjar upp að sóknarprestinum á Möðruvöllum, séra Solveigu Láru Guðmundsdóttur, hafi líkað vel þegar hún heyri um þennan sið fjölskyldunnar á Þríhyrningi - sem því miður er ekki algengur. Þessi siður er þó vissulega til eftirbreytni að hans mati. „Þetta gerir allt hátíðlegra. Maður kemst niður á jörðina og fer að hugsa um af hverju við erum að halda jól,“ segir Ásgeir Már. Hann segir það fara mjög í taugarnar á sér hvernig þessi hátíð er orðin að algleymi peninga- og markaðshyggjunnar. Tengslin við kristnina séu að verða mjög lítil hjá mörgum.

Jólahald, jólasíðir, jólagjafir

Grét þegar óskinn rættist

Helgi Þórðarson, starfsmaður á netaverkstæðinu Kristbjörgu í Ólafsfirði, brást vel við spurningu um eftirminnilega jólagjöf þegar blaðamaður félagsins var á ferð í Ólafsfirði nýlega. Hann vildi þó ekki segja nákvæmlega hver gjöfin var.

„Ég man eftir að hafa grátið yfir jólagjöf sem ég fékk, ég var svo ánægður. Þetta var bókagjöf frá konunni minni. Ég var nú orðinn fullorðinn náttúrulega, giftur maður og þriggja barna faðir. Þá gaf hún mér þrjár bækur og það virkaði þannig á mig að ég fór að gráta. Það var útaf því hvaða bækur það voru, það var einmitt málið,“ segir Helgi en vill þó ekki gefa upp hvaða bækur þetta voru. „Það er hæpið því það myndu allir fara að hlæja þó það virkaði öfugt á mig. Ég grét af gleði og held að ég hafi ekki grátið síðan. Ég man ekki eftir því. Ég er ekkert gjarn á það,“ segir hann en telur rétt að halda því fyrir sjálfan sig og konuna hvaða bækur það voru sem hún gaf honum og höfðu þessi áhrif. „Já, ég held að allir myndu hlæja ef þeir heyrðu það og myndu halda að það væri svo ómerkilegt að það væri óþarfi að gráta yfir því.“ En hvað skyldi það hafa verið sem var svona sérstakt við þessar bækur sem hafði svona áhrif á Helga? „Ég



Helgi Þórðarson við vinnu sína á netaverkstæðinu Kristbjörgu í Ólafsfirði. Bókagjöf frá konunni gladdi hann svo mikið að hann grét.

hafði í huga mínum óskað mér þessara bóka en ekki vissi hún um það. En hún vissi um áhugamál mín og vissi hvað hún ætti að gefa mér.“

Fékk dóttur í jólagjöf



Móðirin og jólagjöfin. Helena Hilmarsdóttir ásamt dóttur sinni Díönu Björg Sveinbjörnsdóttur sem fædd er á jóladag.

Helena Hilmarsdóttir, starfsmaður hjá Íslensku sjávarfangi í Hríssey, bendir á vinnufélaga sinn þegar hún er beðin um að rifja upp og deila minningu um eftirminnilega jólagjöf með lesendum blaðsins. „Ég fékk hana í jólagjöf,“ segir hún og benti á stúlku við næsta borð þar sem þær eru að pakka laxi sem á að fara í land seinna um daginn.

Helena gefur sér þó smástund þrátt fyrir annríki við þökkunina til að rifja upp þessa óvenjulega jólagjöf - sem heitir Dína Björg Sveinbjörnsdóttir - og kom í heiminn 25. desember fyrir átján árum. „Ég var heima á aðfangadagskvöld og fór ekki fyrr en um miðnætti á jólanótt á spítalann og hún fæddist um morguninn,“ segir Helena en henni fannst hún þó ekki hafa „misst“ af jólonum. „Nei, þetta var bara mjög góð jólagjöf, fæðingin gekk mjög vel og ekkert mál,“ segir Helena.




Ómar Árnason, starfsmaður hjá Íslensku sjávarfangi í Hríssey, fékk heldur kalda meðferð eitt aðfangadagskvöldið - og hún dugði til að halda aftur af honum - en ekki nema það kvöldið.

Á brókinni út í snjóskafi

„Við vorum saman tveir frændur á aðfangadagskvöld eftir að búíð var að borða, opna pakkana og allt saman,“ segir Ómar Árnason, starfsmaður hjá Íslensku sjávarfangi í Hríssey, þegar hann er beðinn um að rifja upp eftirminnilegan atburð á jólonum. Frændinn sem um er getið er Gauti Möller.

„Við vorum svona frekar óþægir. Pabbi var alltaf að skamma okkur og segja okkur að hafa okkur hæga. Það gekk ekki upp frekar en venjulega og á endanum fékk hann nóg. Við vorum bara á brókinni og hann tók okkur og henti okkur út í snjóskafi.“ Þessi aðferð dugði til þess að nokkuð sljákkað í piltunum um sinn að minnsta kosti. „Við steinhættum þessum látum því við trúðum ekki að hann myndi gera þetta. Við vorum svo hissa að við gátum ekki einu sinni grenjað,“ segir Ómar - en hlær við þegar hann er spurður hvort þetta ráð föður hans hafi dugað lengi á þá frændur: „Nei, þetta var nú gleymt daginn eftir. Við vorum frekar „góðir“ saman,“ segir hann en bætir við að þótt þessi atburður hafi „gleymst“ daginn eftir þá sé hann samt eftirminnilegur og rifjist stundum upp fyrir honum á aðfangadagskvöld.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



olis OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF
www.olis.is

PRICEWATERHOUSECOOPERS PwC
pwcglobal.com/is

LIV Landssamband íslenskra verzlunarmanna
www.liv.is

Olíufélagið hf **Esso**
www.esso.is

RAFTÁKN ehf
Verkfræðistofa
Glerárgötu 34 • IS-600 Akureyri
Sími 464 6400 • Fax 464 6411
Netfang: raftakn@raftakn.is
www.iskraft.is

CROWN CHICKEN
AKUREYRI
461 3010

Starfsgreinasamband Íslands
sgs.is

Landflutningar
SAMSKIP
samskip.is

SEMENTVERKHEIMUNJAN
Blástrand 22, 102 Akureyri, sími 492 9022, fax 492 9021
E-mail: sement@sem.is

TOYOTA
Akureyri
www.toyota.is

saeplast
www.saeplast.com

VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS
www.vsf.is

P. Alfredsson ehf.
Draupnisdaga 7m • 603 Akureyri
Sími 462 3248

FROST
www.frost.is

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF
- þegar mest á reynir!
www.tmhf.is

Daltré ehf.
Grundargata 9, 620 Dalvík
Sími: 466 1199

LANDSVIRKJUN
www.landsvirkjun.is

DALVÍKURBYGGÐ
Ráðhúsinu, 620 Dalvík
dalvik@dalvik.is

HAGSMÍÐI
Glerárgötu 3b • Símar: 461 2545

GREIFINN HÓTEL
VEITINGAHOUS KEA-HARPA

ÍSTAK
www.istak.is

brimborg
akureyri
www.brimborg.is

SBA-NORÐURLEIÐ
sba@sba.is

RAFÍÐNÁÐARSAMBAND ÍSLANDS
www.raf.is/rsi

HRÍSEYJARHREPPUR
RÁÐHÚSINU • SÍMI 466 1782 • FAX 466 1790 • NETFANG: hrisey@hl.is
http://hrisey.vefurinn.is

Plastprent hf.
www.plastprent.is

MEISTARAFÉLAG HÚSASMIÐA Í REYKJAVÍK

Jólahald, jólasíðir, jólagjafir


Jólatré úr hrífuskaftri?

Ef til vill hafa einhverjir af yngri kynslóðinni glott yfir textanum í laginu með Ladda og Hemma Gunn þegar Dengsi söng um „jólatré úr hrífuskaftri...“. Líklega hefur einhverjum fundist hann í hæsta máta ótrúlegur. Þeir sem lifað hafa tímana tvenna skilja þó þennan texta hugsanlega öðrum skilningi. Egill Ragnarsson, starfsmaður Samherja á Hjalteyri og trúnaðarmaður Einingar-Íðju, rifjar upp minningu um jólatré úr bernskunni:

„Það var bara brotið orf sem var notað til að búa til jólatré úr. Orfið var aðalleggurinn og svo voru bara tálgaðar greinar út frá því. Kertin voru síðan sett á greinarnar. Síðan var þetta málað grænt og þá var komið jólatré. Þannig var þetta í mörg ár hjá okkur. Það var eitthvað smávægis af skrautí sem hengt var á tréð fyrir utan kertin en það var nú ekki mikið um svoleiðis þá. Það litla sem var hengt á trénn var aðallega eitthvað úr pappír; körfur og svoleiðis. Annars dugðu kertin best,“ segir Egill.

Hann tekur undir með blaðamanni að líklega þætti mörgum svona jólatré ekki boðlegt í dag. „En okkur fannst þetta ágætt svona. Ætli þetta tré hafi ekki verið notað fram yfir 1950. Mig minnir það.“

Egill er fæddur á Mið-Grund í Blöndu-



„Okkur fannst þetta ágætt svona,“ segir Egill Ragnarsson á Hjalteyri um jólatré bernsku sinnar. Þessi mynd af Agli er tekin við höfnina á Grenivík.

hlíð en eins og algengt var á þeim tíma þegar hann var barn fluttist fjölskyldan tíðum milli bæja. Egill átti heima á einum níu bæjum í Blönduhlíðinni sem barn og síðan

eftir það úti í Hjaltadal. „Þeir sem áttu ekki jarðir urðu að grípa jarðnæði ef það fékkst,“ segir Egill. En þrátt fyrir flutningana man hann vel eftir „jólaorfinu“.

Jólatréð smíðað úr timbri!





Árni virðir fyrir sér trjágróður við sumarbústað félagsins á Illugastöðum - og hugsar aftur til fortíðar þegar faðir hans smíðaði jólatré fjölskyldunnar úr timbri!

Árni Óskarsson er fæddur og uppalinn í Skíðadal en býr nú og starfar á Dalvík. Hann starfar hjá fiskvinnslunni Dalmari ehf. og er trúnaðarmaður Einingar-Íðju þar. Fyrsta minning hans sem tengist jólum eða jólasíðum er um jólatré úr bernskunni. Svo undarlega sem það hljómar þá var jólatréð og greinar þess úr timbri.

„Ég man eftir því að pabbi smíðaði jólatréð sem við notuðum. Það hefur verið fyrir og um 1940 en ekki lengi eftir það,“ segir Árni. „Tréð og greinar þess voru úr timbri sem keypt var og síðan voru keypt kertir og þau brædd föst á endana á greinunum. Það voru líka jólapokar á trénu. Þeir voru heimatilbúnir og gjarnan sett í þá eitthvert nammi. Þetta er fyrsta jólaminningin mín,“ segir Árni Óskarsson.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



AKUREYRARBÆR
Geislagata 9 - 600 Akureyri
Sími 460 1000 - Fax 460 1001
www.akureyri.is

Blómabúðin
AKUR
KAUPANGI V/MÝRARVEG

VSA
VÉLSMIÐJAN ÁSVERK EHF.

spól
SPARISJÓÐUR ÓLAFSEIJDAR
spol.is

MÖL&SANDUR HF.
V/Súluveg • 600 Akureyri • Sími 460 2200 • Fax 460 2201
www.simnet.is/mogs • mogs@simnet.is

Sjálfsbjörg Akureyri
Sími 462 6888

SAMHERJI HF
samherji.is

Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíðu 7 601 Grenivík
Sími: 463-3160 Fax: 463-3217

Gullsmiðir
Sigtryggur & Pétur sf.
Sími 462-3524 - Fax 461-1325

Flytjandi
EIMSKIP
www.flytjandi.is

BYKO
www.byko.is

BYGGINGAVERKTAKI
SS BYGGIR
.....á traustum grunni

ÁSBYRGI - flóra
Frostagötu 2a, 603 Akureyri, Sími 462 3280 & 461 1155

Höldur ehf.
www.europcar.is

form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI V/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099

alfa
Óseyri 1a • 603 Akureyri
Sími: 461-2077

un Verkfræðistofa
Norðurlands ehf.
www.nm.is

Verkval
Sími 461 1172

LAXA
Krossanesi • S: 460 7200
www.laxa.is

b&t BLIKK- OG
TÆKNIPJONUSTAN hf.
Sími 462 4017

www.rammi.is
Pormóður rammi hf.
580 Siglufjörður - Ísland

KJARNAFÆÐI
www.kjarnafaedi.is

TRÉSMÍÐJAN BÖRKUR HF
Sími 462 1909

KPMG Glerárgötu 24
600 Akureyri
www.kpmg.is

PENNINN BÓKVAL
Hafnarstræti 91 - 93 • Sími 461 5050 • Fax 461 5051
www.penninn.is

GLÓFI
randburg.com/is/glofi.html

Sjómannasamband Íslands
www.ssi.is

Jólahald, jólasíðir, jólagjafir

Kranabíll með öllu



Heimir Sigurgeirsson man vel eftir eplailminum frá jólum bernsku sinnar - og svo kranabíl sem hann fékk sem krakki.

„Ég er nú orðinn svo gamall að ég get nefnt eplin sem eitthvað sérstakt í kringum jólahald,“ segir Heimir Sigurgeirsson, starfsmaður í fiskvinnslunni Hvammi í Hrísey. „Maður fékk epli á jólnum. Það var keyptur heill kassi en núna hefur maður ekki eins gaman af því að borða epli. Þau eru orðin það hversdagsleg. Það má segja að þetta sé ekta jólaminnning, þegar eplalyktin kom í húsið. Þetta er það sem mér dettur fyrst í hug,“ segir Heimir.

Þegar hann er spurður um eftirminnilega jólagjöf kemur gamall kranabíll upp í hugann. „Ég hef líklega verið um sjö eða átta ára þegar ég fékk eftirminnilega jólagjöf. Það var kranabíll á beltum og með bómu og öllum græjum. Þetta er leikfang sem maður man alltaf eftir og ég held ég eigi hann ennþá þó hann sé orðinn svolítið slitinn. Ég fékk þennan bíl frá pabba og mömmu,“ segir Heimir.

Stutt en hátíðlegt

„Ég held að það hafi verið um 1952. Ætli það hafi ekki verið þegar mænuveikin var á Akureyri. Það var frí í skólanum af því að hann var lokaður. Ég var þá sextán ára og í 4. bekk í Gagnfræðaskólanum á Akureyri,“ segir Ágúst Sigurlaugsson, starfsmaður á skrifstofu Einingar-Íðju í Ólafsfirði, þegar hann er bedinn um að rifja upp eftirminnilegan atburð tengdan jólahaldi.

„Þá fór ég á sjó á Sléttbak gamla, sem var síðutogari. Hann var þá á saltfiskirífi og var reiknað með að við yrðum komnir heim fyrir jól. Þegar við vorum búnir að fá í okkur var okkur skipað að fara inn á Ísafjörð og landa ýsunn og því sem við höfðum ísað um borð - og halda svo út aftur. Við vorum nú ekki hressir með það en urðum að fara aftur út eins og okkur var sagt. Við vorum úti á sjó yfir jólin og ég man eftir því á aðfangadag var mjög hátíðlegt. Við vorum náttúrlega að vinna í aðgerð allan daginn en svo var gert smáhlé. Við skoluðum af okkur og fengum síðan að fara aftur í borðsal. Þar hlustuðum við á jólakveðjur og fleira, fengum síðan þennan fína mat og koníaksglas eða romm á eftir. Síðan fórum við bara að vinna aftur. Þetta fannst manni



Ágúst Sigurlaugsson, starfsmaður á skrifstofu Einingar-Íðju í Ólafsfirði, var á sjó á jólnum þegar hann var sextán ára.

nú svolítið skrýtið en það var samt hátíðlegt. Maður var auðvitað vanur að vera heima á jólnum.“




Kristín Joanna Jónsdóttir er vön svipuðum jólasíðum í Póllandi og á Íslandi - nema þá helst varðandi matinn á aðfangadagskvöld.

Skórinn bara einu sinni út í glugga

Kristín Joanna Jónsdóttir er starfsmaður hjá fiskvinnslunni Hvammi í Hrísey. Hún er fædd og uppalin í Póllandi en hefur búið á Íslandi í átta ár og því er upplagt að fá hana til að bera saman íslenska og pólska jólasíði. „Jú, mér finnst vera nokkur munur. Það er kannski helst á aðfangadag. Þá höfum við tólf rétti og þá er til dæmis mikið af fiskiréttum, síld og fleira svoleiðis. Það er byrjað klukkan sjö á aðfangadagskvöld að borða,“ segir Joanna. Að öðru leyti segir hún aðfangadagskvöldið og ýmsa jólasíði vera svipaða í Póllandi og á Íslandi. „En það er bara einn jólasveinn og börnin setja skó út í glugga bara einu sinni. Það er 6. desember og þá fá þau einhverjar smágjafir,“ segir hún. Jólasveinninn pólski hefur auðvitað pólskt nafn sem Joanna sagði blaðamanni - sem því miður láðist að taka niður stafsetninguna á hinu pólska heiti jólasveinsins.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Kartöflusalan ehf

Félag
járníðnaðar-
manna
www.metanet.is

RÚMVEITINGA-
LÁGGERIÐ
Gæði á góðu verði!
www.rumatlaggerim.is

Sjómannafélag
Eyjafjarðar

www.vsfk.is
VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG
KEFLAVÍKUR

ENDURVINNSLAN HF
Kvarnvegur 4 · Pósthólf 4012 · 104 Reykjavík
Sími 500 8000 · Síðisími 500 8900
www.endurvinnslan.is

HÚSAMÍÐJAN
Skútuvogi 16 · Sími 525 3000
www.husasmidjan.is

VERULUNARFÉLAG
ÍSLANDS
ISLAND CHAMBER
OF COMMERCE
www.chamber.is

Skeljungur hf.
www.shell.is

FISKMIÐLUN
NORÐURLANDS HF.
NORFISH LTD.
norfish@norfish.is

EFLING
STÉTTARFÉLAG
www.efling.is

HYRNA ehf
BYGGINGAVERKTAKI · TRESMIÐJA
Dalsbraut 1 · 600 Akureyri
Sími 461 2603 · Fax 461 2604

Kæli- og frystipjónusta,
viðgerðir - nýsmíði - efnissala
KÆLIVERK HF.
Sími 462 4036

Atvinnubrúnarfélag
Eyjafjarðar
www.eyjafjarður.is/afe

ISKRAFT
RAFÍÐNAÐARVERSLUN

Stál heildsala
Zinkhúðun
Stálsmiði
Sandblástur & Málmhúðun
www.sandblastur.is

VSA
VÉLA- & STÁLMIÐJAN
AKUREYRI

EFLING
STÉTTARFÉLAG
www.efling.is

Kjörís
www.kjoris.is

SÍMINN
WWW.SIMINN.IS

LOSTÆTI
VEISLU- OG VEITINGAÞJÓNUSTA

VÉLAVERJ
www.velaverj.is

Marel
Höfðabakka 9 · Reykjavík · Sími: 563 8000
www.marel.is

Fiskmarkaður Dalvíkur ehf.
Sími 466 1140 · Fax 466 3114

ENDURSKOÐUN NORÐURLANDS HF
Sími 462 3811
Fax 462 1474
rj@deloitte.is www.deloitte.is

Félag hársnyrtisveina
fh@er.is

ÍSSTÖÐIN HF
isstodin@simnet.is

Lífið er allt



Líftrygging og sjúkdómatrygging

Tryggðu þér og þeim sem standa þér næst örugga fjárhagslega framtíð.

samlíf

Líftrygging Samlífs miðar að því að afkoma þeirra sem missa ástvin sinn sé fjárhagslega örugg. Tryggingarinnar er sérstaklega þörf í fjölskyldum þar sem fjárhagslegar skuldbindingar eru miklar og börn á unga aldri.

Sjúkdómatrygging Samlífs er gott mótspil við þeim fjárhagslegu áföllum sem sjúkdómar og óvæntar aðgerðir geta haft í för með sér.

Kynntu þér málið hjá þjónustufulltrúa okkar í næsta útibúi Íslandsbanka.



ÍSLANDBANKI